

Lifandi

fortíð

MYNDLIST

Bogasalur Þjóðminjasafnsins

Leiðin á milli. Guðbjörg Lind, Guðrún Kristjánsdóttir, Kristín Jónsdóttir. Sýningarstjóri Oddný Eir Ævarsdóttir.

Til 30. sept. Sumaropnunartímar Þjóðminjasafnsins eru 10-17 alla daga.

Aðgangseyrir 600 kr, 300 kr. f. eldri borgara, öryrkja, námsmenn og hópa. Yngri en 18 ára ókeypis. Ókeypis aðgangur á miðvikudögum.

ÞAÐ liggur tveggja ára ferli að baki sýningu listakvennanna þriggja, Guðbjargar Lindar, Guðrúnar Kristjánsdóttur og Kristínar Jónsdóttur sem opnuð hefur verið í Bogasal Þjóðminjasafnsins, sýningarstjóri er Oddný Eir Ævarsdóttir. Tilurðina má rekja til þess að listakonurnar komu að máli við safnið varðandi sýningu sem sameinaði þjóðararfinn og samtímamyndlist, mannlegt líf þá og nú. Þjóðminjasafnið hefur ekki áður unnið með myndlistarmönnum á þennan máta, en haldnar hafa verið ljósmyndasýningar á samtímamyndlist í ljósmyndadeild safnsins.

Um leið og gengið er inn í Bogasalinn fanga gluggar og loft athyglina, opnað hefur verið fyrir dagsljósið sem flæðir inn líkt og tákni fyrir samtímamann. Guðrún Kristjánsdóttir lét opna fyrir vegggluggana og sýnir þar sandblásið mynstur byggt á útskurði Bólu-Hjálmars, sama mynstur er að finna á veggfóðri innsetningar hennar sem minnir bæði á tísku samtímans og vekur upp innilokunarkennd þröngra húsakynna fortíðar í senn. Frá útskornum skáp skáldsins berst síðan rödd fortíðar – og nútíma – þar sem rödd kvæðamannsins Steindórs Andersen gæðir liðinn tíma innihaldi og lífi, auk radda afkomenda Bólu-Hjálmars.

Guðbjörg Lind setur málverk sín í samhengi við skáldskap byggðan á kveðskap og gömlum sögum og nýjum, flökkukonan Látra-Björg er henni ma. innblástur. Ferðalög milli bæja, skraf yfir kaffibolla og harðræði tímanna er viðfangsefni hennar og sérstaklega eru kaffibollarnir á gólfinu vel heppnað sjónrænt framlag til sýningarinnar.

Það er fengur að skrifborði Jónasar Hallgrímssonar, sem í allri sinni hógværd trónar fyrir miðju, fyrir tilstilli Kristínar Jónsdóttur frá Munkaþverá. Hún hefur enn fremur vakið til lífsins þýðingar Jónasar á hugtökum í stjörnufræði og prýða orðin þakglugga safnsins sem hafa verið afhjúpaðir. Ferðalög Jónasar eru í brennidepli í textabrotum á vegg og lopasokkar á göngu á gólfi lifandi myndlistarverk.

Meginstef sýningarinnar er að opna á milli, birta leiðir og leiðarvísa. Þemað heldur áfram fyrir utan sýningarsalinn þar sem áhorfendum býðst að kaupa póstkort af myndverkum sýningarinnar, skrifa, frímerkja og setja í póstkassa á staðnum og halda þannig áfram með hinn mannlega þátt sýningarinnar, ferðamenn geta sent fréttir af ferðum sínum í anda þeirra fréttu sem fyrr voru sagðar yfir kaffibolla.

Hér er á ferðinni afar vandlega unnin sýning frá upphafi til enda. Fortíð og nútíð sameinast á mannlegan hátt sem gæðir hvora tveggja lífi. Sýningin vekur mikla athygli þeirra sem skoða og augljóst að listakonunum hefur heppnast ætluarverk sitt.

Ekki síst kemur hér listavel fram hvernig listamenn og stofnanir geta unnið saman og auðgað samtíma sinn. Á undanförunum árum hefur myndlistin í æ ríkara mæli fundið sér farveg á almannafæri og innan td. borgarskipulags, sýning sem þessi er frábært dæmi um möguleika þverfaglegs samstarfs þar sem allir aðilar fá að njóta sín og ekki síst áhorfendur.

Ragna Sigurðardóttir